

## Hver er mín skoðun á öryggismálum sjómanna?

Staðkunnur einstaklingur segir frá skoðunum sínum á öryggismálum sjómanna.

Tómas Knútsson

### Erindi flutt á málfundi um öryggismál sjómanna á Reyðarfirði, 13. nóvember 2003

## ÖRYGGI UM BORÐ

### Inngangur

Eitt af þeim atriðum sem skiptir hvað mestu í öryggi okkar sjómanna er samstaða áhafnarinnar. Og viðhorf hennar til öryggismála. Við vitum að á neyðarstundu sem og við venjuleg störf er nauðsynlegt að áhöfnin vinni eins og vel smurð vél. Þar af leiðandi þarf vélin að vera rétt stillt og vel hirt.

Okkur sjómönnum ber skylda til að viðhalda þeirri þekkingu sem við höfum aflað okkur við störf, á öryggisnámskeiðum, og í skólum. Við vitum að nauðsynlegt er að minna hvorn annan á þessa hluti / hvort sem menn eru yfirmenn eða undirmenn. Ef við minnum ekki hvorn annan á öryggismálin vilja þessi mál gleymast og við ryðgum í þessu. Það þarf að standa vörð um öryggismálin og við erum sjálfir besti vörðurinn/-við sem um borð störfum.

Ég held að allir sjómenn séu sammála um að það starf sem Slysavarnaskóli sjómanna hefur unnið er frábært og þarf ekki að fletta neinum blöðum um það. Það hefur einnig verið unnið gott starf innan Siglingastofnunar og þá vitna ég t.d. í þá útgáfustarfsemi sem þar fer fram. Um borð í því skipi sem ég starfa á hefur það efni verið notað samfara efni sem tengist Slysavarnaskóla sjómanna, björgunaráætlunum og þeim verkskipan sem fylgir hverjum skipverja og hefur það reynst ágætlega.

### Eins og staðan er í dag eru áherslurnar um borð þessar

#### Nýliðafræðsla

Nýliðafræðsla er eitt af þeim atriðum sem við leggjum sérstaka áherslu á, innihald fræðslunnar snýst ekki eingöngu um björgunarbúnað hún inniheldur einnig kynningu á vinnutilhögun um borð hvað ber að varast, og þá hvar og hvenær. Þetta eru allt hlutir sem geta komið í veg fyrir slys. Okkur finnst ekki skipta máli þó vanur sjómaður komi um borð hann fær sömu kynningu og nýgræðingurinn. Enda er hann í ókunnugu umhverfi.

#### Björgunaræfingar

Reynt er að halda björgunaræfingar með jöfnu millibili sem samræmist reglugerð. Æfingarnar eru fyrirfram ákveðnar og fer fram umræða bæði fyrir og eftir æfingu. Farið er yfir hlutverk hvers og eins og áhersla lögð á að allir taki þátt.

#### Öryggisbúnaður í lagi

Öryggisbúnaður skal vera í lagi og er hann yfirfarinn annað slagið eða þegar þurfa þykir. Einfaldur gátlisti er fyrir þennan búnað en vel dugandi. Eftirlit með léttabát er skráð í skipsdagbók.

## **Nýr búnaður**

Nýverið var tekinn í notkun hjá okkur búnaður sem kallaður er flóttareykköfunartæki. Þessi tæki teljum við að séu nauðsynleg um borð í skipum sem stunda veiðar á uppsjávarfiski til bræðslu. Þegar veiðiferðir dragast á langinn er alltaf hætta á gasmyndunum í lestum skipa og hafa dæmin sýnt okkur að þar er veruleg hætta á ferð. Þessi tæki má nota með hraði við slíkar aðstæður. Einnig hef ég heyrt getið um mæla sem látnir eru síga niður í lestar og gefa til kynna ef hætta er á ferðum. Mælarnir mundu þá líklegast til flokkast undir forvörn.

## **Samskipti**

Samskipti við störf á dekki um fjarskiptabúnað tengdan öryggishjálum er mikið atriði og nánast nauðsynlegur. Það fellst mikið öryggi í góðum samskiptum. 5 af þeim 10 mönnum sem vinna við að taka trollið eru útbúnir þessum tækjum á því skipi sem ég starfa á. En þar eru hugmyndir um að fjölga hjálum með þennan búnað.

### **Það eru líka önur samskipti sem þurfa að vera í lagi og eru það samskipti áhafnar og útgerðar um öryggismál**

Samskipti útgerðar og áhafnar þurfa að vera góð um öryggismálin og finnst mér að útgerðarmaðurinn þurfi að koma að forvarnarstarfinu í samstarfi við skipstjóra og áhöfn. Skipstjóri og útgerðarmaður geta þá aflað upplýsinga um slys sem orðið hafa um borð í skipum sem stunda svipaðar veiðar og í þeirra útgerð. Þá geta skipstjóri og útgerðarmaður unnið saman að endurbótum um borð hjá sér með t.d. breyttum vinnubrögðum eða jafnvel sérreglum. Þetta er að sjálfsögðu liður í því að fækka slysum.

## **Lokaorð**

Það er nú þannig með okkur sjómennina að þó við séum besti vörðurinn um þessi mál er eins og við þurfum smá innblástur, eða jafnvel spark í botninn í sumum tilfellum. Ég held að það væri ekki verra að fá smá gæslu um þessi mál frá útgerðinni sjálfri því að allir berum við ábyrgðina um að allt fari vel. Við höfum reglurnar og Siglingastofnun, við höfum skoðunarmanninn einu sinni á ári, við höfum gæsluna með sitt eftirlit og við höfum Slysavarnaskólann með sinn innblástur. Það væri ekki verra að fá áminningu um æfingar, eftirlit, og jafnvel umræður um öryggi um borð með ákveðnu millibili frá útgerðinni.